

58. fundur skráningarráðs Gegnis, miðvikudaginn 9. febrúar 2011

haldinn í Landskerfi bókasafna, kl. 9.00-11.20

Fundarmenn: Anna Sveinsdóttir, Gunnhildur Loftsdóttir (fundarritari), Sigrún J. Marelsdóttir og Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður).

Auk þess sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Landskerfis.

1. **Fundargerð síðasta fundar** var lesin og yfirfarin. Ekki hefur verið farið í vinnu við „sjá einnig“ tilvísanir, en það er þó í góðum farvegi. Undir liðnum önnur mál: Póstlistinn Vanda, spunnust umræður um námskeiðsfyrirkomulag vegna nýrra skrásetjara. Nú er 171 skrásetjari á endurskoðuðum lista í Handbók skrásetjara, misvirkir þó. Vegna yfirfærslu í útgáfu 20 af Aleph, er prófunarumhverfi Gegnis lokað og því sjálfhætt við námskeið a.m.k. fram að hausti. Fundargerðin samþykkt.
2. **Útgáfa 20.** Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Gegnis fer yfir verkferla vegna útgáfu 20. Aðalprófun er áætluð í maí og lokaprófun í maí/júní. Áætluð upptaka útgáfunnar verður eftir 15. ágúst. Meðal nýjunga verður uppsetning Námsbókasafns, aðallega fyrir Landsbókasafn-Háskólabókasafn og verður haldið námskeið vegna þess. Hægagangurinn í kerfinu verður sérstaklega tekinn til athugunar með nýju útgáfunni.
3. **Verkefni gæðahóps.** Hildur segir frá undirbúningi sem varðar breytingar á starfsumhverfi skrásetjara og leitir og heimtur á gegni.is. **ISBN númer.** Virkjað verður s.k. „Expand“ í sviði 020. Þetta er sýndarsvið, sem les bæði 10 og 13 stafa númerin, þó aðeins annað sé sett inn. **Ritraðir.** Þær verða gerðar leitarbærar með 810 sviðinu og hægt verður að sækja nafnmynd stofnunar í nafnmyndaskrá (Ctrl+F3) og einnig verður hægt að sækja heiti stofnunar með F4 úr deilisviði a í 810. Þetta stuðlar að samræmi í heiti stofnana. **Svið 76X-78X** í tímaritafærslum verður ekki leitarbært á gegni.is **nema** í Orðaleit og Öllum sviðum. **Svið 490, 780 og 785.** Í fullri færslu á gegni.is verður óréttmæt undirstrikun í þessum sviðum fjarlægð, því þegar smellt var á þetta kom: „Engin þjónusta í boði“. Þegar er búið að gera þetta fyrir svið 780 og 785 (framhald af og framhald í). Upplýsingar sem þessi svið veita, eru engu að síður gagnlegar og mættu vera markvissara settar inn.
4. **Starfshópar.** Ýmsir starfshópar hafa verið starfandi gegnum tíðina, skrásetjurum til hagsbóta. Núna eru þrír virkir: Skráargatið er á sínum lokaspretti með skjal til skoðunar um skráningu á rafrænu efni ; Skráning á lögum, reglugerðum og skýrslum ráðuneyta, er enn í vinnslu, en vinna að mestu búin ; Skráning á sýningarskrám, þetta er enn á vinnustigi, er í hléi núna, en ekki af baki dottið. Umræða um starf þessara hópa, hvort æskilegt sé að halda þeim vakandi, t.d. Tónlistarhópi, eða hvort þeir eigi bara að vera stuttan tíma, þar til vinna þeirra er lokið, t.d. Sýningarskrárhópurinn.
5. **Lifandi vísindi** – greinifærslur. Hildur kynnir hugmynd um að rjúfa tengsl milli greinifærslna og móðurfærslna Lifandi vísinda. Það er m.a. hugsað til að koma í veg fyrir að notandi gegni.is fái villandi upplýsingar um staðsetningu blaðsins - hvaða safn eigi það til, en í dag eru þrjár færslur fyrir blaðið – upphaflega færslan með forðafærslum safna og eintökum, og tvær árgangafærslur með eintökum, greinifærslurnar dreifast á þessar þrjár færslur. Skráningarráð er á því að sundurgreiningin sé til bóta og samþykkir að í færslum fyrir greinar í Lifandi vísindum verði upplýsingar um hýsil einungis í sviði 773.

6. **Önnur mál.** a) Hildur segir frá söfnum sem eiga annað efni til útláns en bækur og venjuleg safngögn, t.d. spil og leiki. Hún sýnir líka dæmi um tækja- og gagnaeign safna sem skráð eru í Gegni, ýmist eftir því hvers konar tæki/gagn er um að ræða eða eftir heiti viðkomandi safns. Rætt er um hvernig best sé að koma þessu efni fyrir; hvers konar format eða formgreining, o.s.frv. hentar, þannig að það þjóni tilgangi þess safns sem á. Samþykkt að búa megi til safnfærslur fyrir þau söfn sem á þurfa að halda, eina færslu fyrir hvert safn og safnkóðinn standi fremst í titilsviði. Format = TK. Titill: XXXXX safnfærsla. Í athugasemdasvið (500) komi heiti safns. b) Sigrún Hauksdóttir segir frá og sýnir skjal um þau söfn sem enn eru með efni, bæði óunnið og unnið í hliðargrunni Gegnis. Það er brýnt að búið verði að vinna úr hliðargrunninum fyrir uppfærsluna í ágúst. c) Gunnhildur spyr um muninn á sviðum 500 og 534 fyrir nýjar útgáfur. Ef einungis er um nýja útgáfu að ræða, með öðrum útgefanda en fyrri þá fara upplýsingar í 534. Reglan er að upplýsingar um fyrstu útgáfu eru settar í 534. Sé hins vegar um nýja þýðingu að ræða er getið um fyrri þýðingu í 500. Dæmi: færsla 0000978720

24510 /a Umskiptin / /c Franz Kafka ; þýðendur Ástráður Eysteinnsson og Eysteinn Þorvaldsson ; [ritstjóri Gauti Kristmannsson].

500 /a Kom áður út hjá Menningarsjóði, 1960 og Íðunni, 1983 undir titlinum Hamskiptin í þýðingu Hannesar Péturssonar

Hildur ætlar að setja ný dæmi um þetta í Handbók skrásetjara.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11.20. Næst fundur áætlaður 9. mars kl. 9